

Stjórnarfundur EBAK 2. maí 2017 kl. 13 - 16
Fundargerð 2

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, Halldóra H. Höskuldsdóttir og varamennirnir Kolbrún Kristjánsdóttir og Garðar Lárusson.
Fjarverandi: Egill Jónsson varamaður

1. Fundarsetning.
2. Fundarmenn kynntu sig örstutt þar sem þetta var fyrsti stjórnarfundur Garðars Lárussonar. Í ljós kom að Egill Jónsson hafði ekki fengið fundarboð þar sem villa var í netfangi hans hjá okkur. Mikilvægt að fara yfir netföng og símanúmer stjórnarmanna og nefndarmanna.
3. Fundargerðir stjórnar EBAK:
 - a) Fundargerð 12. stjórnarfundar fyrri stjórnar EBAK frá 21. mars 2017. Samþykkt.
 - b) Fundargerð 1. stjórnarfundar nýrrar stjórnar EBAK frá 4. apríl 2017 yfirfarin en afgreiðslu frestað og henni vísað til FKR.
 - c) Fundargerð aðalfundar EBAK frá 27. mars 2017 er í vinnslu.
4. Dagbókarfærslur stjórnarmanna í viðveru á miðvikudögum á skrifstofu EBAK.

Jón Aðalsteinn var 5. apríl. Þá hringdi kona vegna ritsins „Listin að lifa“ og 2 sóttu um inngöngu í EBAK. Hjörtur Pálsson kom sem gestur og lífgaði upp á viðveruna. Þann 12. apríl var Halldór. Til hans komu hjónin Þuríður Þorsteinsdóttir og Kjartan Ólafsson með flosmyndina „Íslensk stúlka“ sem Þuríður hafði flosað. Myndin er gjöf frá þeim hjónum. 19. apríl var Haukur. Hann fékk 1 gest í almennt spjall. 26. apríl var Dóra en hún fékk erlent símtalsspjall.
5. Skipun fulltrúa EBAK í notendaráð félagsmiðstöðvanna.

Hulda Eggertsdóttir er tilbúin að vera áfram í notendaráði og Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir hefur einnig samþykkt að vera í ráðinu. Samþykkt að fela FKR að koma með tillögu um varamann á næsta stjórnarfund. Fundur var í notendaráði 2. maí og mætti Halldóra þar en Hulda var veik. Þar var samþykkt að varamenn mæti á fundi ráðsins framvegis.
6. Undirbúningur fyrir landsfund LEB sem verður í Hafnarfirði 23. og 24. maí nk.

Formaður afhenti stjórnarmönnum gögn vegna landsfundarins, 3 tillögur frá stjórn LEB og tillögu að lagabreytingum frá félagi eldri borgara í Rangárvallasýslu. Samþykkt að fulltrúar EBAK á landsfundinum fái greiddan útlagðan kostnað. LEB greiðir hluta kostnaðarins samkvæmt ákveðnum reglum.
7. Styrkbeiðnir frá göngunefnd, ferðanefnd og kórnum „Í fínu formi.“

Rekstraráætlun EBAK fyrir 2017-2018 dreift til stjórnarmanna.

Styrkbeiðni frá kór eldri borgara á Akureyri – Í fínu formi, dags. 3. apríl 2017. Í kórnum eru 63 kórfélagar. Undanfarin ár hefur kórin verið styrktur með kr. 200.000. Styrkbeiðnin samþykkt.

Styrkbeiðni frá göngunefnd, dags. 4. febrúar sl. fyrir rútuferðum í Kjarnaskóg að upphæð kr. 288.000. Styrkbeiðnin samþykkt.

Styrkbeiðni frá ferðanefnd. Endurgreiðslur vegna forfalla í innanlandsferðir hafa valdið nefndinni rekstrarfjárefiðleikum á undanförunum árum. Nefndin á nú í sjóði um kr. 300.000. Styrkbeiðni hafnað en stjórn EBAK stendur á bak við nefndina ef aðstæður breytast.

8. Sumaropnanir á vegum EBAK í félagsmiðstöðvunum í Bugðusíðu og Víðilundi.
 - a) Hulda Eggertsdóttir hafði verið boðuð á fundinn kl. 14 til að ræða störf Bugðusíðunefndar en var veik. Hún kemur á fund FKR á fimmtudaginn 4. maí.
 - b) Sumaropnun í Víðilundi rædd og skoðuð næstu skref. Rætt um að Bergljót komi á FKR-fundinn 4. maí kl. 11.15.
9. Benedikt Sigurðarson kom kl. 14.30 og kynnti hugmyndir **Búfestis** um íbúðabyggingar. Búfesti er almennt húsnæðissamvinnufélag. Greiðslur fyrir búseturétt eru 5 – 20% af íbúðarverði.

Almennt séð er ekki reiknað með að félagið reki leiguíbúðir. Staða Búfestis núna er örugg og góð tækifæri til að endurfjármagna félagið eða fara í framkvæmdir. Félagið er rekið án hagnaðar.

Stjórn EBAK þarf á næsta fundi að taka afstöðu til hugmynda Benedikts um hvort félagið sé reiðubúið að samþykkja viljayfirlýsingu án skuldbingar varðandi áform Búfestis um íbúðabyggingar ma. fyrir eldri borgara á Akureyri.

Samþykkt að fela FKR að undirbúa málið fyrir næsta stjórnarfund.
10. Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 6. júní nk. kl. 10 - 12 og næsti framkvæmdaráðsfundur fimmtudaginn 4. maí nk. kl. 10 -12.
11. Skipulagning viðveru stjórnarmanna á skrifstofu næstu miðvikudaga.
3. maí verður Kolbrún, 10. maí Margrét, 17. maí Hallgrímur,
24. maí Jón Aðalsteinn, 31. maí Halldóra og Kolbrún
12. Önnur mál.
 - a) Kynning á „Fundí fólksins“. Samþykkt að félagið sendi fulltrúa og EBAK greiði þátttökugjaldið.
 - b) Leigan á Sjálfsbjargarsalnum gildir út maí. Áhugi á að vera eitthvað áfram.
 - c) FKR fær Bergljótu Jónasdóttur á fund til sín fimmtudaginn 4. maí nk.
 - d) Ársfundur SAK verður haldinn 10. maí nk. Halldór varaformaður mætir fyrir hönd EBAK þar sem Haukur formaður verður staddur erlendis.
 - e) Halldór greindi frá því að fundað hefði verið í öldungaráði Akureyrarbæjar um morguninn þ.e. 2. maí. Fundargerðina má lesa á heimasíðu Akureyrarbæjar.
13. Fundi slitið

Margrét Pétursdóttir
ritari stjórnar EBAK